



Borgarráð

### ***Naustatorg - samkomulag um endurnýjun***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag við Mannverk ehf um endurnýjun á Naustatorgi.

Mannverk hefur unnið að uppbyggingu á lóð sinni, Tryggvagötu 10 & 14. Fyrir framan uppbyggingarsvæðið stendur svokallað „Naustatorg“ sem Mannverk hefur verið með á láni hjá Reykjavíkurborg fyrir aðstöðu verktaka. Nú er komið að því að Mannverk gangi frá torginu og skili því í sama ástandi og þeir tóku við því aftur til Reykjavíkurborgar. Samningsaðilar hafa látið vinna drög að nýju skipulagi á Naustatorgi og Norðurstíg þar sem torgið og stígurinn verða endurnýjaðir frá grunni. Til að ná því markmiði og torgið verði ekki lagfært að óþörfu eru aðilar sammála um að Mannverk endurbyggji torgið á sinn kostnað. Reykjavíkurborg mun sjá um alla hönnun utan lóðar og kosta hana og að koma fyrir ljósastaurum, pollum og setpalli. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurbogar vegna þessa verður um 10 m.kr. sem rúmast innan gildandi áætlunar.

Reykjavíkurborg mun endurnýja Norðurstíg síðar með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag við Mannverk dags 24. apríl 2018

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14 og Mannverk ehf. kt. 411112-0200, Dugguvogi 2 gera með sér svofellt;

## Samkomulag um lagfæringar á Naustatorgi og Norðurstíg

Mannverk hefur unnið að uppbyggingu á lóð sinni, Tryggvagötu 10 & 14. Fyrir framan uppbyggingarsvæðið stendur svokallað „Naustatorg“ sem Mannverk hefur verið með á láni hjá Reykjavíkurborg fyrir aðstöðu verktaka. Nú er komið að því að Mannverk gangi frá torginu og skili því í sama ástandi og þeir tóku við því aftur til Reykjavíkurborgar. Samningsaðilar hafa látið vinna drög að nýju skipulagi á Naustatorgi og Norðurstíg þar sem torgið og stígurinn verða endurnýjaðir frá grunni. Til að ná því markmiði og torgið verði ekki lagfært að óþörfu eru aðilar sammála um eftirfarandi:

### **Naustatorg:**

Mannverk mun sjá um alla hönnun innan lóðar og kosta hana og Reykjavíkurborg mun sjá um alla hönnun utan lóðar og kosta hana. Í stað þess að lagfæra torgið og skila því aftur í sama ástandi mun Mannverk sjá um að endurbyggja torgið samkvæmt skipulagsdrögum (sjá teikningu) sem eru hluti af samkomulagi þessu og kosta og greiða allan kostnað við framkvæmdina. Reykjavíkurborg mun þó sjá um og greiða kostnað við raflagnir, ljósastaura, polla og setpall sem er hugsaður bæði sem setpallur og stallur fyrir listaverk. Framkvæmd þessi verður unnin á árinu 2018. Listaverk er ekki hluti af samkomulagi þessu.,


### **Norðurstígur:**

Reykjavíkurborg mun endurnýja Norðurstíg síðar. Þar sem Norðurstígur er ekki á fjárhagsáætlun mun endurnýjun ekki eiga sér stað á þessu ári. Stefnt er að því að Norðurstígur verði á fjárhagsáætlun næsta árs (2019) með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.


Ef skipulagsferli Reykjavíkurborgar staðfestir ekki umrædda breytingar þar með talið með auglýsingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda fyrir árslok 2018 fellur þetta samkomulag niður.

Reykjavík, 24. apríl 2018

F.h. Mannverks ehf.





F.h. Reykjavíkurborgar



með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila (með nafni og kennitölu):





*Handwritten signature and initials in blue ink.*